

Reykjavík, 24. mars 2000.


Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 129/1997, 260. mál.

Lífeyrissjóði sjómanna hefur borist beiðni yðar um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.

Stjórn sjóðsins er í meginatriðum sammála efni frumvarpsins og fagnar því að lagt skuli til að heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga verði rýmkaðar. Stjórnin telur þó að ekki sé gengið nægilega langt og leggur til að heimildir til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum verði rýmkaðar í 60% í stað 50% eins og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri